

Ár 2008, þriðjudaginn 18. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-175/2007:

**Byggingafélagið Drífandi ehf.**

*(Óskar Sigurðsson hrl.)*

**gegn**

**VG-fagmálun ehf.**

*(Ólafur Örn Svansson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar s.l., er höfðað með stefnu birtri 21. mars 2007.

Stefnandi er Byggingafélagið Drífandi ehf., kt. 000000-0000, Gagnheiði 55, Selfossi.

Stefndi er VG-fagmálun ehf., kt. 000000-0000, Starmóa 1, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.150.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 19. desember 2005 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

**Málavextir.**

Málsatvik eru þau að 14. september 2004 gerði stefndi tilboð í málun fjöleignarhússins að Fossvegi 2, Selfossi. Var tilboðið að fjárhæð 7.800.000 krónur og segir að um sé að ræða sandspörtlun og málun veggja að innan og sé miðað við að búið sé að slípa öll samskeyti og rétta alla fleti af (steypugallar og mótaskil). Eignin mun vera fimm hæða ásamt stigahúsi. Stefnandi mun hafa tekið tilboðinu en skriflegur samningur var ekki gerður. Aðila greinir á um til hvaða verkþátta tilboðið tók og heldur stefnandi því fram að það hafi tekið til allra verkþátta, þ.m.t. stigahúsið, en það hafi ekki verið undanskilið í tilboðinu. Stefndi heldur því hins

vegar fram að stefnandi hafi sjálfur ætlað að annast vinnu við stigaganga og þá hafi tilboðið aðeins tekið til málunar veggja en ekki lofta íbúðanna, þar sem stefnandi hefði á þessu stigi ekki ákveðið hvort sett yrðu upp kerfisloft sem ekki þyrfti að mála. Stefndi mun hafa hafist handa í marsmánuði 2005 og heldur stefnandi því fram að verkinu hafi ekki miðað nægjanlega hratt. Hafi verið fyrirséð að íbúar yrðu löngu fluttir inn áður en stefndi hefði náð að ljúka verki sínu. Hafi verið óskað eftir því við stefnda að starfsmönnum við verkið yrði fjölgað en því hafi ekki verið sinnt. Hafi starfsmenn stefnanda því dregið stefnda að landi með hluta af verkinu, þ.e. stigahúsið sjálft. Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi náð að spartla fyrir múrara á neðstu hæð á 14 dögum en þá neyðst til að hætta vinnu við verkið þar sem eigninni hefði ekki verið skilað í því ástandi að málun og spörtlun gæti farið fram af fullum krafti. Hafi verkið því dregist af ástæðum er vörðuðu stefnanda sem leitt hafi til þess að önnur verk stefnda hafi riðlast með tilheyrandi tjóni fyrir félagið.

Stefndi kveður fljótlega hafa komið í ljós að stefnandi hafi óskað eftir því að unnin yrðu tiltekin aukaverk sem ekki hafi verið gert ráð fyrir í upphafi. Megi þar nefna málun glugga að innan í íbúðum hússins, málun lagnastokka, hurða auk þess sem stefndi hafi tekið að sér að ganga frá eftir aðra iðnaðarmenn á vegum stefnanda þar sem verkið hafi gengið mjög hægt hjá þeim. Þá hafi stefnandi tekið þá ákvörðun að loft íbúðanna skyldu spörtluð og máluð og farið þess á leit við stefnda að félagið annaðist þann verkþátt. Hafi aldrei verið umdeilt að samningur um þessi aukaverk hafi komist á og skyldu þau gerð upp í verklok.

Stefndi heldur því fram að þegar komið hafi verið að gjalddaga síðustu greiðslu fyrir aðalverk hafi fyrirsvarsmáður stefnanda haft samband við stefnda og upplýst að hann hygðist halda eftir 1.800.000 krónum, eftirstöðvum fyrir greiðslu samkvæmt samningi og 400.000 krónum og öllum greiðslum fyrir aukaverk. Hafi stefnandi gefið þá ástæðu að stefndi hafi ekki málað stigagang. Málsaðilar munu hafa haldið fund um málið 1. desember 2005 og fer tvennum sögum af niðurstöðu þess fundar. Stefnandi heldur því fram að samið hafi verið um í samræmi við tillögu stefnda að stefnandi greiddi 1.800.000 krónur sem lokagreiðslu og eftirstöðvar stefnda, sem þá hafi staðið út af vegna verksins, 400.000 krónur, skyldu falla niður svo og einhver tiltekin verk sem stefndi hafi haldið fram að væru utan tilboðs hans. Stefndi heldur því hins vegar fram að hann hafi á fundinum harðlega mótmælt afstöðu stefnanda og segir hann alrangt að stefndi hafi samþykkt niðurfellingu kröfu sinnar eða lækkun tilboðs. Segist stefndi hafa farið yfir þau aukaverk sem unnin hefðu verið og upplýst að til greina kæmi að hætta frekari framkvæmdum við verkið nema greitt yrði að fullu fyrir unnið verk. Hafi stefndi í samkomulagsskyni nefnt að til greina kæmi að falla frá kröfu um vinnu við loft íbúðanna gegn því að annað yrði greitt. Hafi komið fram á fundinum að forsvarsmáður stefnanda væri á leið til útlanda og myndi ljúka málinu síðar gagnvart stefnda af þeim sökum. Fyrir liggur í málinu að stefnandi millifærði úr heimabanka fyrirtækisins tvívegis 1.800.000 krónur 2. desember 2005 inn á reikning stefnda. Fram kemur á yfirliti að önnur millifærslan er merkt Fossvegi 2 en hin er merkt með kennitölu stefnanda. Stefnandi heldur því fram að þarna hafi verið um mistök að ræða og kveðst hafa haft samband við starfsmann Landsbankans í því skyni að fá mistökin leiðrétt. Hafi starfsmaður bankans haft samband við forsvarsmann stefnda og óskað eftir endurgreiðslu og segir stefnandi að brugðist hafi verið vel við þeirri málaleitan. Stefnandi neitaði hins vegar að inna greiðsluna af hendi og taldi augljóst að önnur greiðslan væri til greiðslu á reikningi

nr. 67 dags. 12. nóvember 2005 að fjárhæð 1.800.000 krónur. Hin greiðslan hafi verið til greiðslu á eftirstöðvum verks samkvæmt tilboði, 400.000 krónur og 1.400.000 krónur vegna aukaverka og verðbóta, en stefndi telur fjáhæðina samræmast kröfu stefnda að frádreginni vinnu við loft íbúðanna. Segist stefndi hafa tekið við greiðslunni í góðri trú og gefið út númeraðan reikning og hafist handa við að ljúka við aukaverk þegar greiðslan hafði borist. Stefndi mótmælir því að lofað hafi verið endurgreiðslu á fjárhæðinni og hafi aðeins verið haft samband við eiginkonu forsvarsmanns stefnda af þessum sökum og hafi hún ætlað að leita upplýsinga hjá eiginmanni sínum.

Með reikningi nr. 71 dagsettum 5. desember 2005, að fjárhæð 1.800.000 krónur, sem stefnandi segir hafa verið sendan sér 19. desember sama ár, gerir stefndi kröfu um greiðslu vegna aukaverka. Er þar gerð krafa um greiðslu 453.180 króna vegna málunar glugga að innan, 386.200 króna vegna málunar á lagnastokkum, 327.600 króna vegna viðgerða og frágangs innanhúss, 233.020 króna vegna verðbóta og 400.000 króna vegna eftirstöðva sammings, eða samtals 1.800.000 krónur.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda.**

Stefnandi byggir á því að hann hafi greitt stefnda 1.800.000 krónur af misgáningi 2. desember 2005 og hann eigi rétt á endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda, enda hafi hann ekki átt neinn rétt til þeirrar greiðslu. Myndi stefndi auðgast með óréttmætum hætti á kostnað stefnanda ef ekki yrði fallist á kröfu hans um endurgreiðslu.

Þá byggir stefnandi á því að hann hafi ofgreitt stefnda miðað við tilboðið 900.000 krónur. Hafi tilboðið tekið til heildarverksins og sé stigahúsið ekki undanskilið af hálfu stefnda í tilboðinu. Telur stefndi að samkvæmt sundurliðun tilboðs hafi hver verkþáttur fyrstu til fimmtu hæðar og stigahúss numið 1.300.000 krónum. Hafi stefnandi greitt stefnda 7.400.000 krónur en hefði átt að greiða 6.500.000 krónur þegar stigahús hefði verið dregið frá. Eftir að stefnandi hafi gert kröfu um endurgreiðslu hinnar ranglega greiddu innborgunar hafi stefndi sent reikning að fjárhæð 1.800.000 krónur, sem m.a. hefði lotið að greiðslu vegna aukaverka og verðbóta. Stefndi byggir á því að málun á lagnastokkum ásamt þrifum á sandspartli hafi verið innifalið í tilboðinu. Gluggar hafi verið fullmálaðir og hafi ekki átt að mála þá. Gluggar í einni íbúð hafi sóðast út og hafi stefndi því átt að laga til eftir sig og mála að nýju. Hafi áskorun þar að lútandi einungis lotið að ófrágengnum verkþáttum samkvæmt tilboði en ekki aukaverkum.

Stefnandi byggir á því að aldrei hafi verið samið um aukaverk við stefnda og enginn samningur þar að lútandi gerður. Hafi stefndi enga fyrirvara gert fyrir en krafist hafi verið endurgreiðslu umræddrar innborgunar. Stefndi hafi aldrei óskað eftir aukaverkum og hafi stefndi aldrei tilkynnt um slíkt. Þá sé framsetning stefnda ótæk og án allra skýringa, t.d. sé krafist verðbóta og greiðslu fyrir viðgerðir og frágang innanhúss án allra skýringa. Það sé meginregla í verktakarétti að verktaka beri að tryggja sér sönnun fyrir rétti til viðbótarkrafna.

Stefnandi rökstyður kröfu um skaðabætur vegna vanefnda þannig að vegna slælegra vinnubragða stefnda hafi stefnandi þurft að vinna upp eftir málarana, þ.e. þrifa gler og sandsparsl fyrir utan vanefndir á stigahúsi. Stefnandi vísar til framlagðrar samantektar þar sem kostnaður vegna þrifa á sandspartli fyrstu til fimmtu hæðar er talinn nema 280.000 krónum og kostnaður vegna þrifa á gleri og sandspartl á fyrstu til fimmtu hæð er talinn nema 1.170.000 krónum, eða samtals 1.450.000 krónum.

Stefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir, meginreglna verktakaréttar og ólögfesta reglna kröfuréttar um auðgunarkröfur. Þá er byggt á almennum reglum skaðabótaréttar. Dráttarvaxtakrafa er reist á III. kafla laga nr. 38/2001 og um málskostnaðarkröfu er vísað til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefnda.**

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi þegar greitt fyrir vinnu stefnda án athugasemda og án fyrirvara og hefði stefndi ekki haldið áfram störfum fyrir stefnanda nema hann hefði fengið greitt áður að fullu fyrir tilboðsverkið auk þess að fá greitt fyrir aukaverkin. Stefndi telur að tilboðið hafi aðeins náð til málunar og spörtlunar veggja íbúða hússins. Stefnandi hafi hins vegar óskað þess á síðari stigum að stefndi tæki einnig að sér málun glugga, hurða, lagnastokka og vinnu við spörtlun og málningu á loftum íbúðanna. Hafi aldrei verið deilt um umrædd verk á verktímanum og öllum ljóst að greiða yrði fyrir þau enda ekki hluti af tilboði sem skýrlega sé afmarkað við spörtlun og málningu veggja. Hafi stefnanda mátt vera ljóst að hann þyrfti að greiða sérstaklega fyrir verkþætti sem væru utan tilboðs. Sú fullyrðing stefnanda að stefndi hafi engin aukaverk unnið á verkstað sé ótrúverðug í ljósi þess að nánast undantekningalaust myndist einhver aukaverk við stór verk sem þetta og þá liggi fyrir gögn um að stefnandi hafi óskað eftir vinnu við verkliði sem ekki hafi verið í tilboði, m.a. að mála glugga og loft í tilteknum íbúðum. Stefndi segir það rangt að hann hafi aðeins verið að laga til eftir sig en unnt ætti vera að sjá að gluggar hafi verið málaðir. Telur stefndi óumdeilt að sá verkþáttur hafi verið utan tilboðs og beri stefnanda að greiða fyrir þá vinnu eins og hann hafi gert án fyrirvara. Hið sama eigi við um önnur aukaverk, en óumdeilt sé að stefndi hafi spartlað og málað loft íbúðanna, málað hurðir, lagnastokka o.s.frv. Ef stefnandi haldi því fram að þessir verkþættir hafi verið utan tilboðsins beri hann sönnunarbyrðina um það, en enginn skriflegur samningur hafi verið gerður um verkið. Hafi það staðið stefnanda nær að tryggja sér sönnun um það hvaða verkþáttum hann hafi óskað eftir og hvað skyldi greitt fyrir það verk.

Stefndi mótmælir því að hann hafi tekið að sér að spartla og mála stigahús fasteignarinnar. Hafi stefnandi sjálfur ætlað að annast þann verkþátt og ráðið starfsmenn til verksins sem unnið hafi að mestu samhliða því er stefndi hafi unnið við íbúðir hússins. Fyrirsvarsmáður stefnda hafi verið meistari að öllu verkinu. Það sé meginregla í verktakarétti að verkkaupa beri skylda til að bera það undir málrameistara ef taka á yfir hluta af heildarverki hans. Hafi stefnandi ætlað að

taka yfir verk sem honum hafi verið ætlað að vinna hefði honum borið að leita samþykkis fyrirsvarsmanns stefnda eða tilkynna honum það sérstaklega. Þar sem samkomulag hafi verið í upphafi um að stefnandi annaðist sjálfur þennan verkþátt hafi aldrei komið til slíkrar yfirlýsingar eða beiðni um samþykki við að aðrir önnuðust hluta af verkinu. Það að stefnandi hafi ekki haft samband við stefnda áður en hann hóf málun á stigahúsinu gefi klárlega til kynna að stefnandi taldi málun stigagangsins ekki vera í verkahring stefnda. Stefnandi sé byggingafélag og reyndur verkkaupi og því ekki grandlaus um að honum hefði borið að tilkynna fyrirsvarsmanni stefnda um að tekið væri yfir hluta verks, væri það raunin. Þá sé augljóst að 7.800.000 krónur sé bersýnilega of lágt verð fyrir málun 30 íbúða auk stigaganga, enda hafi stefnanda ávallt verið ljóst að stigangur væri ekki hluti verksins eins og háttsemi hans staðfesti, þ.m.t. fyrirvaralausar greiðslur fyrir vinnu stefnda, vinna stefnanda við stigahúsið o.s.frv.

Þar sem stigahús hafi aldrei verið hluti af tilboði stefnda geti stefnandi þegar af þeirri ástæðu ekki átt bótakröfu á hendur félaginu vegna ætlaðra vanefnda á stigahúsi. Þá hafnar stefndi því að stefnandi hafi þurft að vinna hluta af tilboðsverki upp eftir stefnda, þ.m.t. þrif á gleri og sandspartli. Ekki sé gerð tilraun til að leggja fram gögn til sönnunar fyrir tilvist og fjárhæð hins ætlaða tjóns og sé það því með öllu ósannað. Þá sé útilokað að átta sig á sundurliðun kröfunnar eða á hverju hún sé byggð og sé hún því með öllu vanreifuð. Kæmi frávisun ex officio til greina. Þá sé augljóst að umrædd fjárhæð sé ofreiknuð, enda fráleitt að ætla að kostnaður við þrif á gleri og sandspartli nemi 1.450.000 krónum.

Stefndi mótmælir þeirri reikningsaðferð stefnanda að telja að ofgreiddar séu 900.000 krónur samkvæmt tilboði en stefnandi virðist finna þá fjárhæð með því að deila tilboðsfjárhæðinni 7.800.000 krónum jafnt niður á hverja hæð og stigahús og nemi hver verkþáttur því 1.300.000 krónum. Megi augljóst vera að mismunurinn verði til með því að færa hluta tilboðsfjárhæðar á verklið sem stefndi hafi alls ekki átt að vinna. Þá verði ekki annað séð en stefnandi tvítaki bótakröfu sína, enda geri hann annars vegar bótakröfu vegna stigagangs auk þess sem hann krefji endurgreiðslu vegna sama verkliðs. Þá hafi stefnandi greitt umrædda fjárhæð án fyrirvara og verði stefndi ekki endurkrafinn um hana á síðari stigum samkvæmt reglum kröfuréttarins. Stefnandi hafi greitt stefnda 2. desember 2005 fyrir vinnu sem að mestu hafði þá verið innt af hendi. Stefndi mótmælir því að greiðslan hafi farið fram fyrir mistök enda megi sjá að mismunandi skýringar séu settar við hvora greiðslu fyrir sig. Þá er á því byggt að stefndi hafi verið í góðri trú þegar hann tók við greiðslunni en fyrir liggir að hann hafi lokið við verkið þegar greiðslan hafi átt sér stað. Stefnandi hafi fyrst beint endurkröfu að honum þegar stefndi hafði lokið verkinu og þar sem um fyrirvaralausar greiðslu hafi verið að ræða sé kröfu stefnanda mótmælt.

Verði á það fallist að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda er á því byggt að stefndi eigi kröfu á hendur stefnanda sem sé jafnhá eða hærri en ætluð krafa stefnanda og komi krafa stefnda því til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Stefndi segir að fyrir liggir að 400.000 krónur hafi verið vangreiddar af tilboðsverki 2. desember 2005 og hafi hluta af greiðslu stefnanda verið ráðstafað til greiðslu á þeirri fjárhæð. Eftirstöðvarnar, 1.400.000 krónur, séu vegna vinnu við aukaverk og verðbætur, enda hafi verið að ljúka verkþáttum rúmlega ári eftir að stefndi lagði fram tilboð sitt. Þá eigi stefndi auk þess kröfu á hendur stefnanda vegna spörtlunar og málunar á loftum í öllum íbúðum hússins, samtals að fjárhæð 4.117.750 krónur,

en sú krafa er sundurliðuð þannig að einingaverð fyrir tíu 95,3m<sup>2</sup> íbúð sé 1.750 krónur eða samtals 1.667.750 krónur og einingaverð fyrir tuttugu 70 m<sup>2</sup> íbúð sé einnig 1.750 krónur eða samtals 2.450.000 krónur. Stefndi byggir á því að stefnandi beri sönnunarbyrði samkvæmt reglum kröfu- og verktakaréttar um að umkrafið endurgjald fyrir aukaverk sé ósanngjarnt en fyrir liggi að stefndi hafi unnið verkið sem ekki hafi verið hluti af tilboði að beiðni stefnanda. Nemi krafa stefnda því samkvæmt framangreindu 5.917.750 krónum (400.000 krónur + 1.400.000 krónur + 4.117.750 krónur). Stefndi leggur á það áherslu að hann hafi gefið verulega eftir af kröfu sinni á hendur stefnanda með því að gera kröfu um 1.400.000 króna greiðslu fyrir aukaverk og verðbætur, enda hafi þar ekki verið m.a. tekið tillit til vinnu við spörtlun og málun allra lofta fasteignarinnar sem hafi verið umtalsvert verk. Stefndi áskilji sér nú rétt til að krefja stefnanda um fullt verð fyrir vinnu sína, þ.m.t. vinnu við spörtlun og málun lofta eignarinnar, sem sé hluti af skuldajafnaðarkröfu stefnda.

Um varakröfu er vísað til málsástæðna vegna aðalkröfu um sýknu að breyttum breytanda.

Stefndi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar og lögum um lausafjárkaup. Þá er byggt á reglum verktakaréttarins. Krafa um málskostnað er reist á lögum nr. 91/1991.

## **Niðurstaða.**

Ágreiningur aðila snýst um uppgjör vegna vinnu stefnda við málun íbúða í fjölbýlishúsinu að Fossvegi 2 á Selfossi. Stefnandi telur sig hafa greitt stefnda af misgáningi 1.800.000 krónur 2. desember 2005, þá telur stefnandi sig eiga rétt á endurgreiðslu á 900.000 krónum sem hann telur sig hafa ofgreitt stefnda miðað við tilboð hans í verkið og þá hefur stefnandi uppi skaðabótakröfu á hendur stefnda að fjárhæð 1.450.000 krónur vegna vanefnda stefnda. Aðilar deila um það hvort málun stigahúss hafi verið innifalin í tilboði stefnda og þá er ágreiningur um aukaverk sem stefndi segir að hafi fallið til. Er þar einkum tekist á um það hvort loft íbúðanna hafi verið innifalin í tilboðinu og einnig hvort málun glugga, hurða og lagnastokka hafi verið utan tilboðs og teljist til aukaverka. Stefndi hefur uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar á hendur stefnanda af þessum sökum.

Ekki var gerður sérstakur skriflegur samningur milli aðila um verkið en tilboð stefnda hljóðaði um sandspörtlun og málun veggja að innan og var að fjárhæð 7.800.000 krónur. Ekki var vikið sérstaklega að stigahúsi en óumdeilt virðist að stefnandi hafi sjálfur annast þann verkþátt og þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi leitað leyfis meistarara, sem í þessu tilviki er stefndi, til þess að taka yfir þennan hluta verksins. Ber af þeim sökum að hafna því að stigahús hafi verið innifalið í tilboði stefnda. Þá var ekki vikið að málun lofta íbúðanna í tilboðinu en stefndi mun hafa annast þann verkþátt fyrir stefnanda og hefur uppi kröfu til skuldajafnaðar af þeim sökum að fjárhæð 4.117.750 krónur. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að þessi krafa stefnda sé ósanngjörn og þar sem ekki var samið um fast endurgjald fyrir málun lofta ber með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 50/2000 að fallast á

að skilyrði til skuldajafnaðar séu fyrir hendi að þessu leyti.

Aðilar eru sammála um að fundur hafi verið haldinn um stöðu mála í byrjun desember 2005 en ekki hefur verið upplýst um hvað hafi samist á þeim fundi. Hins vegar er ljóst að í kjölfar þessa fundar greiddi stefnandi stefnda tvívegis 1.800.000 krónur inn á reikning hans og heldur því fram að um mistök hafi verið að ræða eins og að framan hefur verið rakið. Í kjölfar þessarar greiðslu mun stefndi hafa lokið verki sínu. Stefndi hefur gert stefnanda reikning vegna annarra aukaverka, samtals að fjárhæð 1.400.000 krónur og er þar um að ræða málun glugga, lagnastokka, viðgerðir og frágang og verðbætur. Tilboð stefnda laut að málun veggja innan húss en ekki er sérstaklega vikið að málun glugga. Að mati dómsins er þessi kröfuliður stefnda vanreifaður og ber að vísa honum frá dómi. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig á því geti staðið að málun lagnastokka sé ekki innifalin í málun veggja og verður þessum kröfuliður stefnda því hafnað. Þá verður ekki annað séð en viðgerðir og frágangur séu eðlilegur þáttur í fullmálun innanhúss og verður þessum kröfuliður einnig hafnað. Þá hefur stefndi með engu móti getað útskýrt kröfu um verðbætur og er henni hafnað.

Stefnandi hefur uppi kröfu um skaðabætur vegna vanefnda stefnda og slægregra vinnubragða að fjárhæð 1.450.000 krónur. Stefnandi hefur ekki aflað matsgerðar í þeim tilgangi að sanna tjón sitt að þessu leyti og verður þessari kröfu hans því hafnað.

Stefnandi greiddi stefnda samtals 9.200.000 krónur fyrir umrætt verk. Hér hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefndi hafi átt rétt á 7.800.000 króna greiðslu fyrir verk sitt að frátalinni málun lofta og munar þar 1.400.000 krónum. Þar sem skuldajafnaðarkrafa stefnda er hærri en þessi fjárhæð og þar sem sjálfstæður dómur getur ekki gengið um hana, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans en lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan.

## **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, VG-fagmálun ehf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Byggingafélagsins Drífanda ehf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

